

REGLUR

um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í meðferð psoriasis- og exemsjúklinga.

1. gr.

Reglur þessar gilda um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í meðferð sjúkratryggðra psoriasis- og exemsjúklinga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert samninga um, sbr. þó reglugerð nr. 83/1981 um greiðslur sjúkratrygginga fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, og auglýsingu (gjaldskrá) nr. 233/1981.

2. gr.

Skilyrði meðferðar er að sjúklingur hafi undirgengist mat læknis á meðferðarþörf. Matið skal staðfest af húðlækni meðferðaraðila.

3. gr.

Hámarksfjöldi meðferðarskipta hjá hverjum sjúklingi er 21 skipti á hverju meðferðar-tímabili.

4. gr.

Sjúkratryggingar greiða að fullu meðferð samkvæmt gildandi samningum. Sjúklingar bera sjálfir kostnað við ferðir vegna meðferðarinnar.

5. gr.

Beri meðferð hér á landi ekki árangur og sjúklingi því brýn nauðsyn á að vistast á erlendu sjúkrahúsi eða meðferðarstofnun er unnt að sækja um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna slíkrar meðferðar samkvæmt 35. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 („siglinganefnd“).

6. gr.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði með stoð í 2. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og tóku gildi 1. desember 1995. Jafnframt féllu úr gildi reglur tryggingaráðs frá 18. ágúst 1995 um greiðslu kostnaðar vegna sjúklinga sem vistast á sjúkrahúsi fyrir psoriasisjúklinga í sólarlöndum.

Tryggingastofnun ríkisins, 8. maí 1998.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.

AUGLÝSING

um takmörkun á heildarþyngd og áspunga ökutækja.

Með vísan til 13. gr. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja nr. 425/1995 takmarkar Vegagerðin tímabundið mestu leyfða heildarþyngd og leyfðan áspunga á vegum þegar nauðsyn krefur miðað við burðarþol brúar eða vegar.

Á vegum þar sem takmarka verður leyfðan áspunga við 2, 5, 7 eða 10 tonn gilda eftirfarandi reglur um mestu leyfða heildarþyngd og áspunga:

Pungi skal vera sem hér segir: